



1. útgáfa 19.12.2019

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Ethyl Acetate		
Samheiti:	Ethyl ethanoate, Acetoxy ethane.		
Vörunúmer:	1358 40544041		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:			
Viðeigandi notkun	Leysiefni.		
Notkun sem ráðið er frá	Engar upplýsingar fyrirleggjandi.		
1.3 Söluaðili:	N1	Framleiðandi:	Brenntag N.V.
	Dalvegur 10-14		Nijverheidslaan 38
	201 Kópavogur		BE-8540 Deerlijk, Belgía
Sími:	440 1000		32-56-776944
Netfang:	n1@n1.is		info@brenntag.be
Veffang:	www.n1.is		www.brenntag.be
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa	Eldf.vökvi 2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörðunarorð

HÆTTA

Hættusetningar

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. — Reykingar bannaðar.
P260	Andið ekki að ykkur ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfátnað/augnhlífur/andlitshlífur.
P303+P361+P353	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu.
P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
P501	Fargið innihaldi/fíláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Eðlisfræðilegar hættur
Heilsufarslegar hættur
Umhverfislegar hættur

Hægt niðurbrot efnisins í snertingu við ljós og raka.
Hættulegur styrkur gufu í lofti myndast tæpast eða mjög hægt við 20°C, hraðar við úðun.
Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).
Öryggi Gufa getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

Etýl asetat			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119475103-46	Innihald %	> 99,5
Raðnúmer	607-022-00-5	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	205-500-4	H-setningar	-
CAS	141-78-6	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - H225 , Augnert. 2 - H319 , SEM-VES 3 - H336 , EUH066			

3.2 Blöndur:

Á ekki við

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almenn viðbrögð:

Við slys: Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku, sýnið umbúðir eða þetta öryggisblað.
Leitið lækni, hverfi einkenni ekki fljótlega, eða sé óvissa um ástand hins slasaða.
Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Innöndun

Haldið hinum slasaða rólegum og heitum í háfliggjandi stöðu. Tryggið ferskt loft.
Veitið öndunaraðstoð ef nauðsynlegt er og leitið lækni.

Snerting við húð

Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni (20 mín). Fjarlægið mengaðan fatnað og skó,
og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.

Snerting við augu

Skolið varlega með miklu vatni í amk 15 mín. og haldið augum vel opnum.
Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið augnlækni. Haldið áfram skolun á leið.

Inntaka

Skolið munn. Gefið mikið vatn að drekka. Leitið strax lækni og sýnið öryggisblaðið.
Framkallið ekki uppköst.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi, sjá lið 11.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Hafið samband við eitrunarmiðstöð.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:

Koldíoxíð, slökkviduft, vatnsúði, alkóhólpolin froða. Kælið umbúðir með vatnsúða.

Óhentugur slökkvibúnaður:

Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Eftirfarandi getur myndast við eldsvoða: Kolefnisoxíð, eitruð lífræn niðurbrotsefni, reykur,
eld- eða sprengifimar blöndur með lofti.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða.
Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Fjarlægjið eld- og neistagjafa, reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði, notið persónuhlífar.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu með byggingu varnargarða, sé það unnt án áhættu.
Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.
Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni, t.d. sand, jarðveg eða kísilgúr. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.
Skolið mengað svæði með miklu vatni.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Haldið fjarri íkveikjuvöldum. Reykið ekki. Forðist úðamyndun.
Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Notið persónuhlífar.
Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi að íkveikjuvöldum. Getur myndað mjög eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Notið jarðtengdan og neistavarinn búnað.

Gerðið ráðstafanir gegn myndun stöðurafragnis. Notið neista- og sprengivarinn rafbúnað.
Notið ekki þrýstiloft við hrærslu eða flutning efnis milli íláta.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örygg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað með efnaheldu gólfi. Forðist mengun af völdum annarra efna. Mælt er með notkun lekabakka. Geymið fjarri beinu sólarljósi og háu hitastigi.
Ósamrýmanleg efni: Oxarar, sterkar sýrur og basar.
Heppileg umbúðaeefni: Ryðfrítt stál, gler, pólýprópýlen.
Óheppileg umbúðaeefni: Ál, ýmis gerviefni.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Etýl asetat	400	1461			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

Etýl asetat					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	63	mg/kg/likamsb/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	734	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma, staðbundið	DNEL	734	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	1468	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma, staðbundið	DNEL	1468	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	4,5	mg/kg/likamsb/d
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	37	mg/kg/likamsb/d
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	367	mg/m3

Etýl asetat					
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma, staðbundið	DNEL	367	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	734	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Skammtíma, staðbundið	DNEL	734	mg/m ³
Umhverfi	Sjór		PNEC	0,026	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,26	mg/l
Umhverfi	Vatn ósamfelld losun		PNEC	1,65	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn set		PNEC	1,25	mg/kg
Umhverfi	Sjór set		PNEC	0,115	mg/kg
Umhverfi	Jarðvegur		PNEC	0,24	mg/kg

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysi. Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166)
 Notið efnaþolna hlífðarhanska t.d. úr bútýlgúmmíi. (EN374, >=0,7 mm, gegnstreymistími >120 mín).
 Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgæfnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.
 Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Öndunarfæri

Mælt er með notkun leysiefnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034).
 Notið CE vottaða öndunargrímu með síu A (brún), fari styrkur gufu yfir viðmiðunarmörk.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi	
Lykt:	Ávaxtakennd lykt	
Litur:	Litlaus	
Lyktarmörk:	6-75	ppm
Bræðslumark:	-84°C	
Suðumark:	77°C	
Blossamark:	-4°C	
Sjálftendrunarmark:	427°C	
Lægri sprengimörk í lofti:	2,0%	
Hærri sprengimörk í lofti:	12,0%	
Gufuþrýstingur (20°C):	9,83	kPa
Gufuþrýstingur (50°C):	37,9	kPa
Eðlismassi gufu (loft=1):	3,00	
Uppgufunarhraði:	4,5-6	(bútýl asetat=1)
Eðlismassi við 20°C:	0,90	g/cm ³
Vatnsleysni:	8,000	g/100 ml
Blöndun, lífrænir leysar:	Alkóhól, eter	
Leysanleiki, lífrænir leysar:	Aseton, bensen, klóróform	
Seigja (20°C):	0,44	mPas
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.	
Oxandi eiginleikar:	Nei	

9.2 Annað

Yfirborðsspenna:	24	mN/m
Rokgjörn efni (b/p):	>99,5	

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Hvarfast kröftuglega við oxara og sterkar sýrur og basa.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð, þó ekki í sneringu við ljós og raka.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Hvarfast við ýmsa málma og myndar eld- og sprengifimt vetnisgas, Brotnar niður í snertingu við ljós og raka.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Oxarar, sterkar sýrur og basar, ál.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Eftirfarandi getur myndast við eldsvoða: Kolefnisoxíð, eitruð lífræn niðurbrotsefni, (ediksýra, etanol, kolefnisoxíð), reykur, eld- eða sprengifimar blöndur með lofti.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

Innöndun: Særindi í koki, hósti, syfja, sljóleiki, skert meðvitund.
Snerting við húð: Affitar húð, sviði, roði, útbrot.
Inntaka: Ásvelging í lungu (lungnabólga), niðurgangur, uppköst.

Etýl asetat					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD ₅₀	4934	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD ₅₀	>20000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC ₅₀	>22,5	mg/L/6 klst	rotta	
Húðæting/erting		Ertandi og affitandi			
Alvarlegur augnskaði		Alvarleg augnerting			OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Stökkbreytingar gerla		Neikvætt			
Eiturhrif á æxlunarfæri		Ekki skráð			
Krabbamein		Ekki skráð			
Sértæk eiturhrif á markkliffæri (VES)	Getur valdið sjóleika eða svima				
Sértæk eiturhrif á markkliffæri (EV)	Getur valdið þurri eða sprunginni húð				
Ásvelgingarhætta		Við langvinna snertingu			
Einkenni	Lystarleysi, öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, lækkaður blóðþrýstingur, sjóntruflanir, höfuðverkur, meltingartruflanir, vímuáhrif, sljóleiki, erting í slímhúðum, ógleði, uppköst.				

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Etýl asetat					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	230 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EC ₅₀	3090 mg/l	24 klst	Daphnia	
Eiturhrif	NOEC	>100 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar greiðlega niður			
Uppsöfnun í lífverum		Neikvætt			
Dreifanleiki í jarðvegi		Lítið ásog			
Mat á PBT / vPvB		Neikvætt			

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:
UN Númer 1173
Efnisheiti v. flutninga: ETHYL ACETATE
Hættuflokkur: 3 (33)
Pökkunarflokkur: II
Mengunarhætta: Nei
Jarðgangnaflökkun: D/E

Varúðarmerking



IMDG:
UN Númer 1173
Efnisheiti v. flutninga: ETHYL ACETATE
Hættuflokkur: 3
EmS: F-E, S-D
Pökkunarflokkur: II
Mengunarhætta: Nei



IATA:
UN Númer 1173
Efnisheiti v. flutninga: ETHYL ACETATE
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: II



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP).
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Útgáfa/Dags: 1/19.12.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

BRENNTAG BV

Safety data sheet according to 1907/2006, Article 31

ETHYL ACETATE

Útgáfa:

25.05.2016 Endurskoðun 7